



## MIÐASALA Á TÓNLEIKA ÓLAFAR OG SKÚLA HEFST Í DAG KL. 12.00

Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson halda opnunartónleika Listahátíðar að kvöldi 20. maí í Norðurljósasal Hörpu. Þetta er í fyrsta sinn sem þau halda saman svona stóra tónleika hér á landi en þau hafa spilað saman á fjölmörgum tónleikum erlendis undanfarin ár.

[Lesið meira](#)

**Miðaverð er kr. 2.900 og aðeins eru um 400 miðar í boði á tónleikana.**

**MIÐASALA HEFST Í DAG  
MÁNUDAGINN 14. MARS KL. 12.00  
SMELLTU HÉR TIL AÐ KAUPA MIÐA!**

## MIÐAR RJÚKA ÚT Á OJOS DE BRUJO OG KAUFMANN

Í byrjun mánaðarins hófst miðasala á tvenna tónleika sem hafa fengið frábærar viðtökur áhorfenda. Nær allir miðar á tónleika tenórsins Jonasar Kaufmann seldust upp á fyrsta degi og ljóst er að spænsku hiphop-pönkarnir í **Ojos de brujo** munu troðfylla þúsund manna sal Hörpu, Silfurberg, því rífandi miðasala er einnig á þá tónleika.

**Smelltu hér til að lesa meira um þýska tenórinn Jonas Kaufmann og ná þér í síðustu miðana á tónleika hans.**

**Smelltu hér til að hita upp fyrir tónleika Ojos de brujo.**

## LISTAHÁTIÐ OG HARPA UNDIRRITA SAMNING

Í síðustu viku var undirritaður samningur milli Listahátíðar í Reykjavík og Hörpu um tónleikahald hátíðarinnar í öllum sölum hússins í vor. Með opnun Hörpu rætist langþráður draumur um tónlistarhús á Íslandi og er það mikið fagnaðarefni fyrir Listahátíð, sem staðið hefur að tónleikahaldi í fjóra áratugi.

Strax í vor verður fjöldi tónlistarviðburða Listahátíðar í Hörpu auk tónleika Ólafar og Skúla 20. maí, þýska tenórsins Jonasar Kaufmann 21. maí og spænsku sveitarinnar Ojos de brujo 27. maí.



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)

Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík



SAMSKIP

Iceland Express

